

## 298. fundur

Mánudaginn 18. desember 2023, kl. 13:00 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálfván Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson og Steinunn Bragadóttir. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

### 1. Endurskoðun verðlagsgrundvallar

Formaður upplýsti um að Hagfræðistofnun HÍ geti kynnt nefndinni stöðu endurskoðunar á verðlagsgrundvelli í janúar og að áætluð verklok séu í lok febrúar.

### 2. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lögð fram drög að framreiknuðum verðlagsgrundvelli kúabús fyrir desember 2023 og þau kynnt. Umræður um framkvæmd ákvörðunar síðasta fundar um fjármagnskostnað og geymda hækkun vaxta sbr. fund nr. 223. Ákveðið að taka verðlagsgrundvöll fyrir desember aftur fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

### 3. Iðnaðarlíkan

Ákveðið að leggja iðnaðarlíkan fyrir á næsta fundi.

### 4. Önnur mál

-Umræður um fundargerð 297, sem verður lagfærð þar sem bókun fulltrúa BÍ vantaði.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 13:45.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson